

Fyrirspurn bæjarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks á fundi bæjarráðs þann 20. september 2012

Meirihluti bæjarráðs samþykkti á fundi sínum 6. september sl. að draga til baka launalækkunar frá árinu 2009, hjá tilteknum hópi starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar. Óskað er eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Hvers vegna var ekki ákveðið að draga launalækkunina eða kjaraskerðingar hjá öllum starfsmönnum bæjarins til baka?

Svar:

Á fundi bæjarráðs þann 16. maí sl. fól ráðið bæjarstjóra að endurskoða launakjör þess hóps starfsmanna sem tók á sig skerðingu á launum með ákvörðun bæjarstjórnar frá 7. janúar 2009. Við endurskoðunina skyldi tekið tillit til þátta eins og almennrar launaþróunar, niðurstöðu starfsmats, breytinga á störfum og jafnræðis og innra samræmis milli starfsmanna og einstakra starfahópa. Tillaga sú sem unnin var af bæjarstjóra, ásamt sviðsstjóra stjórnsýslu og starfsmannaskrifstofu, og var samþykkt í bæjarráði 6. september sl. tók tillit til þeirra þátta sem bæjarráð lagði áherslu á. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að ekki hafi verið talin ástæða að breyta umsaminni fastri yfirvinnu hjá starfsfólki með 50 tíma eða fleiri. Byggði það á þeim forsendum að almennt er ekki talið heppilegt að starfsfólk sé með svo mikla yfirvinnu en skýringa á því er fyrst og fremst að finna í mikilli þenslu sem var í þjóðfélaginu á ákveðnu tímabili og sveitarfélagið í mikilli samkeppni við einkaaðila um tiltekna starfahópa. Fyrst og fremst er það starfsfólk á umhverfis- og framkvæmdasviði og skipulags- og byggingarsviði, og eru karlmenn í miklum meirihluta þeirra, sem eru með 50 tíma eða fleiri á mánuði. Ákvörðun um að hækka þá tíma ekki enn frekar er því liður í að draga úr kynbundnum launamun hjá sveitarfélaginu. Jafnframt kemur fram í greinargerð að ákvörðunin taki ekki til starfsfólks sem hefur farið í nýtt starf hjá sveitarfélaginu eða skipt um stéttarfélag og byggir það fyrst og fremst á því að launaforsendur eru aðrar hjá þeim hópi en voru á árinu 2009 og því er nauðsynlegt að skoða hópinn fyrst og fremst út frá samanburði við aðra sambærilega hópa. Við yfirferðina var launaþróun sambærilegra hópa opinberra starfsmanna skoðuð en viðmiðunarhópur hefur hækkað um 23-28% frá árinu 2007. Með vísan til þess var ákveðið að heildarlaunahækkun við gildistöku ákvörðunar bæjarráðs gæti ekki orðið meiri en 30% frá árinu 2007. Er það jafnframt liður í að gæta jafnræðis og innra samræmis á meðal starfsmanna en ýmsar ástæður liggja að baki mismunandi launaþróun s.s. starfsmatshækkunar, mismunandi kjarasamningar o.s.frv. Samandregið má því segja að ákvörðun bæjarráðs frá 6. september sl. um að draga einvörðungu að hluta til baka launalækkun frá því í janúar 2009 hafi fyrst og fremst verið ákvörðun um að leitast við að tryggja samræmi og jafnræði í launakjörum starfsmanna innan stjórnsýslunnar í sambærilegum og jafnverðmætum störfum. Er það í samræmi við áherslur bæjarráðs sem samþykktar voru samhljóða á fundi ráðsins þann 16. maí sl.

2. Má vænta frekari breytinga á launum og kjörum starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar á næstunni í því skyni að gæta jafnræðis á meðal starfsmanna bæjarins.

Svar:

Hafnarfjarðarbær hefur á sl. árum haft það að leiðarljósi að gæta jafnræðis í launakjörum á meðal starfsmanna bæjarins og í því skyni hafa launakjör tiltekinna starfahópa reglulega verið yfirfarin hjá bænum. Í langflestum tilvikum eiga slíkar leiðréttingar sér stað án aðkomu

bæjarráðs. Nú í október verður framkvæmd launakönnun á meðal starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar til að kanna m.a. hvort að kynbundinn launamunur mælist hjá bænum en í könnun á árinu 2007 mældist hann 8,6% án kennara, þ.e. heildarlaun kvenna voru 8,6% lægri en karla að teknu tilliti til starfsgreinar, starfsaldurs, lífaldurs og fjölda yfirvinnustunda. Eðlilegt er að bíða eftir niðurstöðum könnunarinnar áður en frekari ákvarðanir verða teknar um breytingar á launakjörum starfsmanna í því skyni að gæta jafnræðis á meðal starfsmanna.